Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá opinberum aðila til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 97/2003 um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni.

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að hún innihaldi ekki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 97/2003 um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. einnig III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsing þessi er sett með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem vísað er til í XII. kafla, II viðauka (ákvörðun 2003/493/EB). Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 7. ágúst 2003.*

F. h. r.
**Þórður H. Ólafsson.**

*Sigríður Stefánsdóttir.*

Nr. 609

# REIKNINGUR

## Bjargráðasjóðs fyrir árið 2002.

### Rekstrarreikningur.

| | Skýringar | kr. |
|---|---|---|
| **Fjármunatekjur:** | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 33.041.285 |
| Fjármunatekjur alls: | | 33.041.285 |
| **Fjármagnsgjöld:** | | |
| Vaxtagjöld | | 69.017 |
| Reikn. gjöld v/verðlagsbreytinga | 1 | 0 |
| Fjármagnsgjöld alls: | | 69.017 |
| Hreinar fjármunatekjur: | | 32.972.268 |

| **Aðrar tekjur:** | **Skýringar** | **kr.** |
|---|---|---|
| Framlag sveitarfélaga | | 31.418.800 |
| Framlag ríkissjóðs | | 10.000.000 |
| Búnaðargjald | | 47.594.530 |
| Aðrar tekjur alls: | | 89.013.330 |
| Tekjur alls: | | 121.985.598 |
| **Styrkveitingar:** | | |
| Styrkir | 8 | 46.910.971 |
| Styrkveitingar alls: | | 46.910.971 |
| Hreinar tekjur fyrir rekstrargjöld: | | 75.074.627 |
| **Rekstrargjöld:** | | |
| Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði | 7 | 15.152.379 |
| Sérkostnaður | 9 | 6.354.991 |
| Afskriftir | 2 | 503.970 |
| Rekstrargjöld alls: | | 22.011.340 |
| Hagnaður fyrir skatta: | | 53.063.287 |
| Fjármagnstekjuskattur | | 3.304.736 |
| Tekjur umfram gjöld: | | 49.758.551 |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2002.

### Eignir.

| **Fastafjármunir:** | **Skýringar** | **kr.** |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 4 | |
| Áhöld | | 350.154 |
| Fasteignir | | 12.753.104 |
| Fastafjármunir alls: | | 13.103.258 |
| **Veltufjármunir:** | | |
| Skammtímakröfur: | | |
| Óinnheimtar tekjur | | 8.175.886 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 129.610 |
| Skammtímakröfur alls: | | 8.305.496 |
| Handbært fé: | | |
| Bankainnstæður | | 417.988.355 |
| | | 417.988.355 |
| Veltufjármunir alls: | | 426.293.851 |
| Eignir samtals: | | 439.397.109 |

**Eigið fé og skuldir.**

| | Skýringar | kr. |
|---|---|---|
| **Eigið fé:** | 5 | |
| Endurmatsreikningur | | 0 |
| Óráðstafað eigið fé | | 409.760.250 |
| Eigið fé alls: | | 409.760.250 |
| **Skuldbindingar:** | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 3 | 29.230.000 |
| **Skammtímaskuldir:** | | |
| Viðskiptaskuldir | | 406.859 |
| Fyrirframgreitt búnaðargjald | | 0 |
| Ógreiddir samþykktir styrkir | | 0 |
| Skammtímaskuldir alls: | | 406.859 |
| Skuldir og skuldbindingar alls: | | 29.636.859 |
| Skuldir og eigið fé samtals: | | 439.397.109 |

Reykjavík, 13. febrúar 2003.

**Sesselja Árnadóttir.**

**Guðbjartur Gunnarsson.** **Hörður Harðarson.**
**Ríkharð Brynjólfsson.** **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.**

**Áritun framkvæmdastjóra.**

**Þórður Skúlason** framkvæmdastjóri.

**Áritun endurskoðanda.**

Ég hef endurskoðað ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því áliti sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2002, efnahag hans 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 13. febrúar 2003.

Gísli Guðmundsson endurskoðandi.